

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðgeir Bjarni Skarphéðinsson, fæddur 24.7. 1960, skal sæta fangelsi í 5 ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 12 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði greiði kr. 50.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 50 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk til eyðingar skulu 1129 skammtar af LSD, nú merkt efnaskrá nr. 1425 í vörslum dómsins, og 48,9 grömm af amfetamíni, nú merkt efnaskrár nr. 1247, 1252 og 1257 í vörslum dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þar af kr. 20.000,00 - málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns og kr. 20.000,00 í saksóknarlaun er renni í ríkissjóð.

Priðjudaginn 3. mars 1987.

Nr. 24/1986. **Hagvirki h.f.**

(Othar Örn Petersen hrl.)

gegn

Hans Jörgen Einarssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann þess að hann verði einungis dæmdur til að greiða

stefnda 6.808,42 krónur með ársvöxtum þannig: 42% frá 18. júní 1983 til 21. september s.á., 35% frá þeim degi til 20. október s.á., 32% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% frá þeim degi til 5. desember s.á., 32% frá þeim degi til 21. s.m., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% frá þeim degi „og áfram hæstu innlánsvöxtum, dómvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma til greiðsludags en málskostnaður verði felldur niður.“ *Til þrautavara* krefst áfrýjandi þess að honum verði einungis gert að greiða stefnda 30.270,60 krónur með ársvöxtum og málskostnað eins og greinir í varakröfu.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi lagði áfrýjandi fyrir stefnda til undirskriftar skömmu eftir að hann hóf vinnu á Sultartanga samningsform, sem bar yfirskriftina „Ráðningarsamningur um störf við virkjunarframkvæmdir á Tungnársvæði á vegum Hagvirkis h.f.“ Eyðublaði þessu var skilað útfylltu og undirrituðu til áfrýjanda. Miða verður við að með frumkvæði sínu um þessa samningsgerð hafi m.a. vakað fyrir áfrýjanda að uppfylla gr. 12.1.1. í kjarasamningi við virkjunarframkvæmdir á Þjórsár-Tungnaárvæðinu, en ákvæðis þessa er getið í héraðsdómi. Þegar til þessa er litið og gætt samnings þess sem áfrýjandi hafði gert við Smið h.f. þykir stefndi hafa mátt ætla að hann ætti að vinna við smíði botnrásanna á vegum áfrýjanda uns því verki væri lokið, þó eigi lengur en til 19. júní 1983, og að hann mætti halda sér að áfrýjanda um ráðningu sína og starfskjör þann tíma.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti sem ákveðst 27.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hagvirkir h.f., greiði stefnda, Hans Jörgen Einarsyni, 27.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 11. september 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 15. f.m., hefur Hans Jörgen Einarsson húsasmiður, nnr. 3739-7741, Suðurengi 32, Selfossi, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 5. desember 1983, gegn Jóhanni G. Bergþórssyni, nnr. 4958-7449, stjórnarformanni, fyrir hönd Hagvirkis h.f., nnr. 3525-1308, Skútahrauni 2, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu launaskulda að upphæð kr. 62.901,30 með 42% ársvöxtum frá 18. júní 1983 til 21. september s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að kveðið verði á um það í dómsorði að málskostnaður beri dráttarvexti eins og þeir eru á hverjum tíma frá dómsuppsögudegi.

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir að stefndi og fyrirtækið Smiður h.f. á Selfossi gerðu hinn 29. mars 1982 með sér verksamning. Samkomulag gerðu félögin 22. janúar 1983 um breytingu á verksamningnum. Með samkomulaginu yfirtók stefndi byggingu botnrásar við Sultartangavirkjun á Tungnaársvæði. Í 2. gr. samkomulagsins segir:

„Hagvirki h.f. hafi aðgang að eftirtöldum starfsmönnum Smiðs h.f. frá byrjun febrúarmánaðar til 19. júní 1983 og fari þeir á launaskrá hjá Hagvirkni h.f., sem ekki greiðir Smið h.f. neitt vegna vinnu þeirra. Hagvirki h.f. skal tilkynna með minnst viku fyrirvara hvenær mannanna er þörf eða störfum lokið og í lok verksins skal Smiður h.f. tilkynna Hagvirkni h.f. með minnst 2ja vikna fyrirvara hvenær mannanna er óskað aftur til Smiðs h.f.

Laun starfsmanna séu í samræmi við Tungnaársamning, og bónusgreiðslur verði í takt við fyrri bónussamning Smiðs hf. og jafnframt í samræmi við nýgerðan kjarasamning.“

Um var að ræða 11 starfsmenn Smiðs h.f., þ. á m. stefnda og Lárus Stefánsson sem getið verður nánar síðar.

Þá kemur fram, að stefndi leigi verkstjóra til verksins frá Smið h.f. Var þar um að ræða Guðna Lýðsson trésmið sem er eigandi að Smið h.f. og skyldi Smiður h.f. fá greitt fyrir störf hans sem útselda vinnu. Tekið er sérstaklega fram að honum beri að hlýða fyrirráðum frá yfirstjórnendum stefnda.

Framangreint samkomulag kveður stefnandi hvorki hafa verið sýnt sér né efni þess almennt kynnt sér áður en hann hóf störf hjá stefnda. Kristján Jónsson, forstjóri Smiðs h.f., hafi hins vegar tilkynnt um samkomulagið við stefnda að lána starfsmenn Smiðs h.f. í umrætt verk. Stefnandi kveður Kristjan hafa sagt að vinnu á Sultartanga ætti að vera lokið fyrir 20. júní sama ár en þeir myndu örugglega vinna þar til 18. eða 19. júní. Í byrjun febrúar hafi þeir starfsmennirnir farið inn á Sultartanga. Sennilega viku eða 10 dögum seinna hafi Guðni Lýðsson, starfsmaður á vegum stefnda, komið til sín á vinnustað. Þá hafi verið fyllt út í framlagt eyðublað fyrir ráðningarsamning og hann undirritað samninginn. Ráðningarsamninginn hafi hann hins vegar ekki fengið til baka dagsettan og undirritaðan af stefnda.

Yfirskrift umrædds prentaðs eyðublaðs er:

„Ráðningarsamingur um störf við virkjunarframkvæmdir á Tungnársvæði á vegum Hagvirkis h.f.“

Á eyðublaðinu er reitur fyrir: „Áætluð lok starfstíma.“ Þar kemur fram dagsetningin 18/6 1983.

Auk stefnanda og Guðna Lýðssonar munu 6 starfsmenn Smiðs h.f. hafa komið til starfa hjá stefnda á Sultartanga. Stefnandi kveður þá alla nema sig hafa starfað þar til 18. júní 1983.

Lagt hefur verið fram plagg, undirritað af þessum 6 starfsmönnum, dags. 2. mars 1984 en þar segir:

„Við undirritaðir staðfestum hér með að við undirrituðum ráðningarsamningana við Hagvirki h.f. þegar við höfum störf hjá fyrirtækinu við virkjunarframkvæmdir í janúarmánuði 1983.“

Stefnandi kveður stefnda hafa sagt sér fyrirvaralaust upp störfum. Hinn 9. apríl að morgni hafi verkstjórinn, Guðni Lýðsson, tilkynnt að starfstíma hans væri lokið og hann ætti að fara af svæðinu með bíl kl. 16:00 þennan tiltekna dag. Hann kveðst ekki hafa fengið neinar skýringar á brottrekstrinum. Hann kveðst ekki á nokkurn hátt hafa brotið af sér í starfi þann tíma sem hann starfaði hjá Hagvirkis h.f. á Sultartanga. Vinnan í verkinu hafi verið í hámarki á þessum tíma. Full þörf hafi verið á vinnu hans og aðrir menn verið ráðnir í verkið eftir þetta. Stefnandi kveður alla á þessum vinnustað vinna þá yfirvinnu sem sé í boði.

Eftir að stefnandi lét af störfum hjá stefnda löngu fyrir áætluð starfslok hóf hann störf hjá Smið h.f. Kveðst hann því hafa misst af verulegum tekjum.

Guðni Lýðsson hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að Smiður h.f. hafi verið undirverktaki hjá stefnda við Sultartanga og átt að byrja vinnu við botnloka þar á miðju ári 1982, en það ekki getað orðið fyrr en eftir áramót, þar sem stefndi hafi ekki lokið frágreftri. Þætti botnlökanna í verksamningnum hafi því verið kippt út og starfsmenn Smiðs h.f. farið á launaskrá

hjá stefnda. Hann sjálfur hafi hins vegar verið leigður út frá Smið h.f. til stefnda sem verkstjóri. Hann hafi verið verkstjóri beint yfir stefnanda, en yfirboðari sinn á staðnum Aðalsteinn Hallgrímsson, sem er framkvæmdastjóri framkvæmdadeildar Hagvirkis h.f.

Hann kveður sér hafa verið gert af forsvarsmönnum stefnda að fylla út eyðublað fyrir ráðningarsamning varðandi alla starfsmennina frá Smið h.f. og koma með það til baka undirritað af þeim. Á þessa gerð kveðst hann hafa litið sem ráðningarsamning við þessa starfsmenn.

Er stefnandi fór af svæðinu kveður Guðni hafa atvikast þannig, að hann hafi verið kallaður á skrifstofuna. Þar hafi Aðalsteinn talað um að verkið gengi illa og hann væri ekki alls kostar ánægður með starfsmennina frá Smið h.f. Einn starfsmann hafi hann viljað færa til en stefnanda vildi hann burt af svæðinu. Þetta hafi verið tveim-þrem dögum fyrir heimferðardag, sem ýmist voru á föstudögum eða laugardögum. Sennilega hafi þetta verið á þriðjudegi, en Aðalsteinn heimaði að hann segði stefnanda ekki frá þessu fyrr en á heimferðardegi. Hann kveðst hafa verið skyldugur að framfylgja fyrirskipunum forsvarsmanna stefnda, eins og fram hefur komið í greindu samkomulagi stefnda og Smiðs h.f. Þessi fyrirmæli kveður hann á engan hátt hafa verið á vegum Smiðs h.f., enda kveðst hann hafa litið á stefnanda sem starfsmann stefnda. Hann mótmælti því alfarið að stefnandi hefði reynst lélegur eða ónothæfur starfskraftur og kannaðist ekki við að hann hefði nokkru sinni verið aðvaraður af hálfu stefnda. Þá mótmælti Guðni því að Aðalsteinn hafi viku áður en stefnandi yfirgaf svæðið gefið fyrirmæli um það. Guðni segir að stefnandi hafi með þeim fyrirmælum, sem Aðalsteinn gaf, verið rekinn úr vinnu hjá stefnda. Hann kveður alla aðra starfsmenn Smiðs h.f., sem fóru til starfa hjá stefnda, hafa starfað út tímabilið til 19. júní og jafnvel lengur.

Aðalsteinn Hallgrímsson sagði í sinni skýrslu fyrir dóminum að með útfyllingu eyðublaðsins fyrir ráðningarsamning hafi verið ætlunin að afla nauðsynlegra upplýsinga fyrir bókhald fyrirtækisins. Telur hann ekki hafa verið ætlast til neinna undirskrifa starfsmanna. Stefndi hafi eigi ætlað sér að gera skriflega ráðningarsamninga við þessa starfsmenn, þar sem þeir hafi verið starfsmenn Smiðs h.f. Þó menn þessir hafi farið á launaskrá hjá stefnda hafi þeir ekki verið starfsmenn stefnda nema óbeint. Varðandi uppsögn stefnanda segir hann Guðna Lýðsson ekki hafa sem verkstjóra tilkynnt stefnanda það, heldur hafi hann gert það sem eigandi að Smið h.f. Ástæða uppsagnar stefnanda hafi verið slæleg vinnubrögð hans. Hins vegar hafi stefndi aldrei sagt honum upp störfum af þeirri ástæðu, að hann hafi ekki verið starfsmaður stefnda. Hann hafi verið ráðinn til vinnu á Sultartanga af Smið h.f. og verið starfsmaður þess fyrirtækis. Þó segir hann að stefndi hefði orðið að bera það fjárhagslega, hefði komið til veikinda eða vinnuslyss hjá stefnda. Stefnandi hafi í störfum sínum átt undir verkstjórn stefnda og stefndi að sjálfsögðu verið

launagreiðandinn. Hann kvaðst ekki vita hvort stefnandi hefði verið áminntur vegna slælegra vinnubragða. Fram kom hjá Aðalsteini að umrætt eyðublað fyrir ráðningarsamning væri m.a. til þess að nota eins og krafist sé í kjarasamningi á dskj. nr. 17, gr. 12.1.1., en þar segir: „Við ráðningu skulu starfsmenn og fulltrúi fyrirtækis undirrita ráðningarsamning sem samningsaðilar hafa komið sér saman um. Í ráðningarsamningnum séu tiltekin atriði sem varða réttindi og skyldur starfsmanna. Yfirtrúnaðarmaður skal fá afrit af öllum ráðningarsamningum.“

Guðmundur Kristján Jónsson, trésmiður og framkvæmdastjóri Smiðs h.f., sagði fyrir dóminum að stefnandi hafi við umrætt verk á Sultartanga verið starfsmaður stefnda. Gerður hafi verið ráðningarsamningur milli aðila málsins. Hann kveður stefnanda hafa reynst sér góður starfsmaður. Hann kveður starfsmenn sína hafa viljað fara í þessa vinnu tímabundið fram á vorið. Þeir hafi átt að starfa hjá stefnda til 19. júní þetta ár eins og frammanneft samkomulag greini. Ekki hafi komið fram að þeir hafi orðið að hlíta því að verða sendir til baka með einhverjum fresti. Stefndi hafi ekki verið til viðræðu um að taka þessa starfsmenn sem starfsmenn Smiðs h.f. og borga fyrir þá eins og um útselda vinnu væri að ræða. Þeir hafi viljað fá þá á launaskrá sína.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því að milli aðila hafi verið tímabundinn vinnusamningur vegna ákveðins verkefnis. Vinnusamninginn hafi stefndi rofið með ólögmætum hætti og beri því að greiða stefnanda svonefnd staðgengilslaun til þess tíma er starfslok voru áætluð, þ.e. 18. júní 1983, en viðurkennir þó til frádráttar þau laun sem hann aflaði hjá Smið h.f. þann tíma. Stefndi hafi bakað stefnanda tjón með ólögmætum hætti og beri að bæta það eftir almennum reglum skaðabótaréttarins. Heldur stefnandi því fram að hann hafi með samanburði við laun vinnufélaga síns, Lárusar Stefánssonar, sýnt fram á tjón sitt með gildum rökum, enda hefði hann komið til með að bera þær fjárgreiðslur úr bótum fyrir vinnuframlag sitt, hefði ekki komið til hinnar ólögmætu uppsagnar stefnda. Málalítlunáð sinn telur stefnandi þannig úr garði gerðan að stefndi verði að sanna að stefnandi hefði komið til með að vinna fyrir lægri launum en Lárus Stefánsson. Telur stefnandi óyggjandi að þeir hefðu komið til með að vinna sömu störf áfram.

Megin sýknuástæða stefnda er að hann sé ekki réttur aðili að málinu, þar sem hann hafi aldrei ráðið stefnanda til vinnu hjá sér. Telji stefnandi sig eitthvað vanhaldinn vegna starfs síns beri honum að snúa sér með það til vinnuveitanda síns, Smiðs h.f., enda hafi stefndi staðið fullkomlega við umrætt samkomulag við það félag.

Verði hins vegar litið svo á að stefnandi hafi ráðist til starfa hjá stefnda á grundvelli einhliða yfirlýsingar stefnanda sjálfs, þar sem hann hafi einn undirritað eyðublað ráðningarsamnings, komi til athugunar hvernig krafa

stefnanda er samansett af mörgum þáttum, þ.e. dagvinnu, eftirvinnu, næturvinnu, bónus, álagi, ferðalaunum, öðrum launum og orlofi. Er því sérstaklega mótmælt að greiða beri stefnanda eftir- og næturvinnutíma, bónus, álag og önnur laun, þar sem ekki sé fram komin lögfull sönnun, er staðreyni að stefnandi hefði fengið þessa óvissuþætti greidda greint tímabil, þ.e. hvort hann hefði unnið eins mikið og t.d. Lárus Stefánsson, sem stefnandi tekur mið af í kröfugerð sinni. Eins og fram komi í gögnum málsins hafi nefndur Lárus fengið í laun eftir 1. júní 1983 kr. 106,81 á klukkustund í dagvinnu, sem geri kr. 8.544,00 fyrir hálfan mánuð. Samsvarandi laun stefnanda hafi numið kr. 7.705,00. Mismunur dagvinnulauna umrætt tímabil sé þannig kr. 4.195,00. Komi til þess að á varakröfu reyni er þess krafist af hálfu stefnda að kröfur stefnanda verði lækkaðar með hliðsjón af framansögðu.

Álit dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins leikur ekki nokkur vafi á því að stefnandi var starfsmaður stefnda við umrætt verk á Sultartanga frá byrjun febrúar 1983 þar til 9. apríl sama ár. Krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts á sér því enga stöð í raunveruleikanum.

Telja verður efni vinnusamnings málsaðila m.a. það að stefndi hafi verið ráðinn til starfa við afmarkaðan áfanga (verkpátt). Starfstími hans var áætlaður frá byrjun febrúar fram til 19. júní 1983. Verður að líta svo á að hér hafi verið um tímabundinn ráðningarsamning að ræða. Stefnandi mátti þá treysta því, að halda vinnu sinni hjá stefnda þann tíma, a.m.k. meðan lok verkpáttarins bæri ekki fyrr að og hann ekki unnið til réttmætrar fyrirvaralausrar uppsagnar. Taka ber fram að stefndi hefur eigi, þrátt fyrir áskorun stefnanda, lagt fram frumrit ráðningarsamnings síns við stefnanda eða aðra sem ráðnir voru frá Smið h.f.

Aðalsteinn Hallgrímsson, framkvæmdastjóri hjá stefnda og einn aðaleigandi félagsins, gaf Guðna Lýðssyni, verkstjóra stefnda, þau fyrirmæli að stefnandi skyldi hætta störfum og yfirgefa svæðið þann 9. apríl 1983. Eigi er upplýst að Aðalsteinn hafi orðað það svo að stefndi væri rekinn, en vafalaust var hér um að ræða fyrirvaralaus rof stefnda á vinnusamningi sínum við stefnanda. Í málflutningi stefnda er eigi á því byggt að stefnandi hafi vanrækt samningsskyldur þannig að hann yrði að þola brottrekstur bótalaut. Er niðurstaða dómsins sú, að uppsögn stefnda hafi verið ólögsmæt með öllu og því beri stefnda að bæta það tjón, sem stefnandi hlaut af.

Þeim útreikningi, sem stefnandi leggur til grundvallar dómkröfum sínum, er eigi mótmælt sem slíkum af hálfu stefnda. Af hans hálfu er því hins vegar mótmælt að greiða beri stefnanda eftir- og næturvinnutíma, bónus, álag og önnur laun, þar sem ekki sé fram komin lögfull sönnun er staðreyni að stefnandi hefði fengið þessa óvissulaunaþætti greidda greint tímabil. Hins vegar

hefur ekki af hálfu stefnda verið bent á neitt það atriði sem gefi minnstu vísbendingu til þess að stefnandi hefði komið til með að vinna styttri tíma eða minna í þágu stefnda en vinnufélagi hans Lárus Stefánsson þann tíma, sem eftir lifði af ráðningarsamningi stefnanda.

Að þessu athuguðu og þar sem stefndi hefur eigi, þrátt fyrir alla möguleika til þess, sýnt fram á að laun stefnanda hafi þann tíma, sem hann og Lárus Stefánsson báðir störfuðu hjá stefnda, verið að marki minni en nefnds Lárusar, þykir eftir atvikum bera að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti og skulu þær bera vexti eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000,00 krónur.

Hlöðver Kjartansson, aðalfulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hagvirki h.f., greiði stefnanda, Hans Jörgen Einarssyni, kr. 62.901,30 með 42% ársvöxtum frá 18.6. 1983 til 21.9. sama ár, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 20.10. sama ár, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. sama ár, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 5.12. sama ár, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. sama ár, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2. sama ár, með 39% ársvöxtum frá þeim degi og áfram hæstu innlánsvöxtum, dómvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma til greiðsludags og kr. 25.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.